



# Safnaðarblað Glerárkirkju

3. tbl. 32 árg.

Desember 2017



„Ef Drottinn byggir ekki húsið, erfiða smiðirnir til ónýtis.“ (Sl. 127.1)



## GLERÁRKIRKJA



Mynd úr  
listasýningu  
barnanna í  
tílefni vígsluafmælis.



## Adventa – Vígsluafmæli – Jól

Mikið er framundan hjá okkur öllum bæði í lífi fjölskyldnanna, bæjarins og kirkjunnar. Flest er það hefðbundið, við syngjum adventu og jól inn ef svo má segja á adventukvöldinu fyrsta sunnudag mánaðarins og stillum okkur af fyrir það sem í vændum er- himneska hátíð ljóss og friðar með ástvininum. Allt er það, skyldum við vona, á forsendum trúarinnar sem Guð hefur gefið og frelsarinn birtir öllum sem við því vilja taka. Það er jólagjöfin Guðs til okkar allra.

Á vegferð okkar til jóllanna að þessu sinni höldum við hátíð í Glerárkirkju og minnumst þess að aldarfjórðungur er liðinn frá því kirkjan var vígð til helgrar þjónustu. Það var á Nikulásarmessu þann 6. desember 1992. Dagurinn bar upp á annan sunnudag í adventu og er því rétt og skylt að við gerum minninguna að þessu sinni á sama degi kirkjuársins. Það verður hátíðarmessa sunnudaginn 10. desember, kl. 11:00 og mun biskup Íslands, séra Agnes Sigurðardóttir, heiðra okkur með nærveru sinni og predika þar. Veitingar verða í safnaðarsal að messu lokinni og allir velunnarar kirkjunnar hjartanlega velkomnir.

Sá gjörningur að reisa hús til að vera miðpunktur samfélags hinna trúðu er mjög táknrænt verk því slík bygging hefur bæði margvíslegt hagnýtt gildi um leið og hún er táknmynd þess andlega samfélags sem við eigum saman að lifa með Guði. Kirkjan er fyrst og síðast og verður ávallt hið lifandi samfélag hinna trúðu. Kirkjuhúsið er sá frátekni staður sem við höfum reist, valið og helgað þar sem við eigum okkur stund og stað saman frammi fyrir Guði til að þiggja þá leiðsögn á lífsins vegi, sem dugar til að rata veginn rétta sem liggur að lokatakmarkinu sem nefnt er Guðsríkið.

Þar njótum við einnig þeirrar næringar hjarta, sálar og anda sem segir okkur hver við erum og hvers virði við erum Skaparannum. Þar þiggjum við þá næringu sálar og anda sem gefur okkur nýjan kraft, sem reisir okkur við, eflir og styrkir til baráttunnar góðu - ljóssins og lífsins. Við fáum með öðrum orðum í samfélagi trúar og kirkju að vera hluttakendur í margvíslegri blessun - hluttakendur í því að vera farvegur blessunar hvert öðru, Guði til dýrðar. Að fagna kirkjuvígslu er því í senn að halda daginn hátíðlegan og gleðjast yfir því að eiga þetta veglega hús og sameiginlegan vettvang til lífs og uppbyggingar í trú en jafnframt og umfram allt er fagnaðarefnið sá boðskapur sem samfélög trúarinnar á Krist hafa hverfst um í bráðum 2000 ár. Sá boðskapur sem enn er á bak við það að reist eru andleg hús um víða veröld - boðskapurinn um elsku Guðs og björgun frá því sem eyðileggur og brýtur niður.

Framundan eru blessuð jólin með sinn huggunarríka gleði-boðskapur um að skapari heims og lífs vilji vitja okkar og eiga hlutdeild í lífi okkar. Þar er fluttur sá boðskapur að við erum kölluð til þess að eignast líf með Guði í og fyrir Krist - líf sem er blessun og elska. Barnið sem forðum var lagt í jötu austur í Betlehem opnar í senn hjörtu okkar og hlið himnanna - að hann mætti búa hjá okkur og við hjá honum til eilífdar. Mættum við öll reyna þá blessun þessi jól.

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni blessunarríka og gleðilega jólaltíð.

*Gunnlaugur Gardarsson  
sóknarprestur*



## Kveðja frá sóknarnefnd

Þegar þetta er skrifað í seinustu viku nóvember þá hefur vetur konungur boðað komu sinnar árstíðar með nokkuð ákveðnum hætti. Taktur árstíðana er sleginn og náttúran hér á norðurljóðum leggst í dvala. Eldur í regindjúpum kraumar og minnir á krafta jarðar.

*Í klettaborgum, krýndum jökulís,  
býr kynngi jarðar, aflsins máttarlind.  
Í tign og veldi tröllakirkjan rís  
og talar djarft við regn og snjó og vind.*

(DS)

Á þessu ári þá eru 25 ár liðin frá vígslu Glerárkirkju en það var þann 6. Desember 1992 sem kirkjan var vígð. Ssannarlega þá markaði kirkjubyggingin tímamót í sögu Lögmannshlíðarsóknar. Þegar litið er til baka þá vekur það nokkra undrun og aðdáun að það liðu einungis átta ár frá því að fyrsta skóflustungan var tekin og þar til að kirkjan var vígð. Sannarlega má segja að samhent átak samheldni og áræðni þeirra sem þarna voru að verki, hafi verið mikið Grettistak og ber kirkjan fagurt merki um þá miklu vinnu.

Það var árið 1981 sem Akureyrarprestakalli var skipt í tvennt og hét þá Glerárprestakall norðan Glerár. Fyrst eftir þá breytingu þá tilheyrði og Miðgarðasókn í Grímsey prestakallinu en um 1990 þá var því breytt og færðist Miðgarðasókn þá undir Akureyrar prestakall.

Það má sjá þegar litið er um öxl að huti-ir hafa gerst hratt á þessum árum og greinilegt að sóknarbörn hins nýja prestakalls hafa í raun verið á nokkrum hrakhólum með safnaðarstarfið og bráðvantað húsnæði fyrstu árin. Ýmist var messað í kirkjunni í Lögmannshlíð eða í Glerárskóla.

Að því hefur þó komið nokkuð fljótt að hvorugt húsnæðið var nægilega stórt til að hýsa þróttmikið safnaðarstarf með góðu móti. Slegið var á það ráð að halda guðsþjónustur í íþróttahúsi Glerárskóla og þótti það tíðindum sæta. Góð kirkjusókn hefur verið á þessum árum þrátt fyrir húsnæðisskortin og þá umgjörð sem kirkjan skapar og sýnir það vel mikinn áhuga íbúanna á starfinu.

Í dag þjóna í Glerárkirkju sóknarprestur og prestur í fullu starfi. Einnig eru djákni, organisti og umsjónarmaður í fullu starfi og kirkjuvörður í 80% starfi. Þá eru nokkrir starfsmenn í hlutastörfum við tónlistarstarf kirkjunnar, barna- og æskulýðsstarf. Auk þessa koma margir sjálfbodaliðar að starfi kirkjunnar. Í Glerárkirkju er messa og sunnudagaskóli alla sunnudaga yfir vetrarmánuðina en yfir sumartíman eru kvöldmessur. Þar fer einnig fram allt hópa- og fræðslustarf safnaðarins Auk helgihalds fer fram margvíslegt barna-, unglunga- og eldri borgarastarf. Má þar nefna sunnudagaskóla, foreldramorgna, tónlistastarf fyrir börn í 1.-10. bekk, Glerungar fyrir 1. - 3. bekk, TTT fyrir 5.-7. bekk og unglungastarf fyrir 8.-10. bekk. Þá koma nokkrir hópar AA samtakanna saman í kirkjunni. Unglingastarf kirkjunnar er í samstarfi við KFUM og KFUK á Akur-eyri og fer alla jafna fram í félagshúsi KFUM og KFUK í Sunnuhlíð. Í kirkjunni er auk þessa boðið upp á fjölbreytt námskeið og fræðslustundir m.a. 12 - spora starf, hjónanámskeið, Biblíu - og trúfræðslu. Þá hafa prestar safnaðarins sinnt samverum og guðsþjónustum á öldrunarheimilum Akureyrarbæjar í samstarfi við presta Akureyrarkirkju. Sóknarnefnd Glerárkirkju vill



Vilbjálmur G. Kristjánsson.

að kirkjan sé hluti af lífi samfélagsins í hverfinu og leggur áherslu á uppbyggingu og nærandi fræðslustarf og að til staðar sé öflugt barna- og æskulýðsstarf á vegum safnaðarins.

Síðastliðið vor þá ákvað sr. Jón Ómar Gunnarsson að axla sín skinn og halda suður fyrir heiðar og tók hann við prestembætti við Fella og Hólakirkju. Við keflinu hjá okkur hér tók sr. Stefanía G. Steinsdóttir. Framundan er adventa jólahátíðar margar hefðir á adventu og jólum byggja á samveru með fjölskyldu og vinum. Þessi tími vekur einnig ljúfsárar minningar er mörgum erfiður sem séð hafa á bak vinum eða ættingjum. Hyggjum hvort að öðru hlýtt viðmót og það að láta sér aðra varða skiptir máli með kærleik og virðingu.

Með bestu kveðju og von um giftu. Megi jólahátíðin færa ykkur frið og kærleik. Fyrir hönd sóknarnefndar.

*Vilbjálmur Kristjánsson  
formaður sóknarnefndar.*



Fermingarferð á Hólavátn.



Alltaf gaman hjá GLERungum.

# Nýr prestur boðinn velkominn



Stefanía Guðlaug Steinsdóttir er nýr prestur við Glerárkirkju. Hún var vígð til prestsþjónustu á Hólum 13. ágúst og sett í embætti 3. september af prófasti. Stefanía er 37 ára gömul og starfaði áður sem æskulýðsfulltrúi Neskirkju. Stefanía hefur einnig verið forstöðukona í sumarbúðum KFUM og KFUK og í Kristilegu sumarbúðunum á Eiðum. Auk þess þjálfaði hún og kenndi á skíði á Akureyri til fjölda ára.

Stefanía er gift Hrafnhildi Eyþórsdóttur hjúkrunarfræðingi og djákna. Þær eiga fjögur börn; Guðrúnu Lindu 16 ára, Hákon Val 12 ára, Þórir Freyr 11 ára og Máney Þuru 8 ára.



**Innsetning  
séra Stefaniú  
3. september sl.**



Frá vígslu að Hólum 13. ágúst sl.





## Kvenfélagið Baldursbrá

Er við lítum yfir árið 2017 þá hefur árið verið félaginu gott. Félagið hefur stutt við ýmis góð og þörf málefni bæði stór og smá. Má þar nefna veglega peningatyrki til tækjakaupa á þrjár deildir SAK, styrk til Mæðrastyrksnefndar og fl. og fl.

Markmið okkar í Baldursbrá er ávallt það sama, að geta orðið öðrum að liði og látið gott af okkur leiða.

Í ár, eins og síðustu ár, hafa stærstu fjárfalangir félagsins verið kaffisala á 17. júní, basar, sem haldin er í nóvember ár hvert, bingó og erfidrykkjur.

Félagið hefur afnot af sal á neðri hæð Glerárkirkju þar sem fundir félagsins eru

haldnir þriðja fimmtudag hvers mánaðar yfir vetrartímann. Kvenfélagið er einnig með handavinnukvöld þrjú kvöld í mánuði og má finna allar upplýsingar á fésbókar-síðu kvenfélagsins, <https://www.facebook.com/kbaldursbra>

Nýjar konur eru hjartanlega velkomnar í Baldursbrá og velkomið að hafa samband við formann félagsins sem er Filippía Sigurjónsdóttir í síma 820 8834.

Við í Kvenfélaginu Baldursbrá sendum ykkur okkar bestu jóla- og nýárskefju með þakklæti fyrir stuðninginn á árinu.

*Stjórnin.*



## Kór Glerárkirkju

Kór Glerárkirkju hóf starfsemi sína þetta haustið um miðjan september og þá tókum við á móti nokkrum nýjum félögum. Þess má geta hér að við tókum líka á móti nýjum félögum um áramót ef einhverjir hafa áhuga á að koma og syngja með okkur í flottum hópi.

Æfingar þetta haustið hófust á því að við tókum upp þráðinn og æfðum prógram sem kórinn flutti fyrir heldri borgara bæjarins á Öldrunarheimilunum Hlíð og Lögmannshlíð sl. vor. Kórinn hélt síðan hausttónleika sunnudaginn 22. okt. sem þóttu takast með eindæmum vel. Gestir á tónleikunum sögðu m.a. að lagavalið væri skemmtilegt og að gleði ríkti greinilega í hópnum. Eftir þessa tónleika tók við undirbúningur fyrir jólatónleika og fór



kórinn í æfingabúðir austur að Stóru Tjörnum eina helgi frá laugardegi til sunnudags. Þar var sungið nokkra klukkutíma hvorn dag á milli þess sem kórinn naut veitinga matráðarins á staðnum og sá þannig til þess að við hefðum orku til að halda áfram að syngja. Svona æfingafærð gerir heilmikið fyrir hópinn bæði sönglega séð og ekki síður þá hristist hópurnir saman og mikið er hlegið og skrafað.

Það sem er framundan hjá okkur fyrir utan söng við messur á sunnudögum þá verður adventukvöld í kirkjunni að kvöldi

3. desember með þátttöku kóra kirkjunnar og svo heldur Kór Glerárkirkju sína árlegu jólatónleika sunnudaginn 17. des. kl. 16:00. Á þá tónleika er alltaf frítt inn og vonum við að sem flestir komi og njóti með okkur. Þetta er hátíðleg stund með skemmtilegu ívafi og er það uppskera okkar í kórnum þegar við sjáum glaða tónleikagesti ganga út að loknum tónleikum og jólaandinn býr í hverju hjarta. Síðan koma jólin með öllum sínum hátíðleika og þar mun kórinn standa sína vakt eins og venjulega.

Að lokum vil ég f.h. Kórs Glerárkirkju óska ykkur öllum innilega gleðilegra jóla og nýs árs með þökk fyrir komuna í kirkjunna okkar sl. ár.

*Gunnbildur Helgadóttir*

## Glæsilegt hjá fermingarbörnum í Glerárkirkju

Að safna 340.646 krónum fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku er aldeilis glæsilegt. Þetta er met, aldrei fyrr hafa fermingarbörn í Glerárprestakalli safnað svona miklu og hafa þó alltaf verið mjög dugleg. Kærar þakkir! Mjög oft þegar ég er á ferðinni t.d. í Eþíópíu segir fólk við mig „þú verður að skila þakklæti okkar til þeirra sem styðja starfið á Íslandi. Þessi stuðningur breytir öllu fyrir okkur“. „Dóttir mín gat byrjað í skóla þegar



Stúlka við brunn í Jijiga í Austur-Eþíópíu sem Hjálparstarfið befur grafið.

brunnurinn kom“ sagði ein móðir við mig „áður þurfti hún að nota marga klukkutíma á dag í að sækja vatn og komst ekki í skólann. En núna er brunnur rétt hjá þorpi okkar og hún er enga stund að sækja vatn áður en hún fer í skólann.“

Með þessari fjárhæð er hægt að grafa tvo brunna sem geta veit allt að 1400 manns hreint vatn til margra ára. Hreint vatn sem breytir svo miklu. Heilsan verður betri, hreinlæti meira og þar með minna um sjúkdóma og betra líf á allan hátt. Þetta eru áhrifin af því að fermingarbörnin fengu fræðslu um vatnsverkefni Hjálparstarfsins og gengu svo í hús í Glerárprestakalli í annarri viku í nóvember með innsiglaða bauka og buðu fólk að leggja sitt af mörkum. Kærar þakkir til allra sem tóku svona vel á móti þeim!

Fermingarbörn! Þið eruð hetjur, frábærar fyrirmyndir fyrir okkur hin um að standa upp úr sófanum og gera eitthvað sem skiptir máli fyrir náunga okkar. Gleymum ekki því sem Jesús sagði í Matteusuraguðspjalli 25, 35: „Þyrstur var ég og þér gáfuð mér að drekka“ og í versí 40: „Allt sem þér gerðuð einum minna minnsta bræðra, það hafið þér gert mér“.

*Bjarni Gíslason,  
frankvæmdastjóri  
Hjálparstarfs kirkjunnar.*

# Úr barnastarfinu



8. bekkur í fermingarferð á Hólavatni.



Frá söfnun fermingarbarna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.



Krakkar í TTT starfinu tóku þátt í undirbúningi vígsluafmælis Glerárkirkju



Krakkar í GlerÚngum völdu að gera teikni-myndasögu um fæðingu Jesú.



Prestar, djákni og leiðtogar í fermingarferð á Hólavatni.



Sigrún Rósa að tala um jákvæða sálfræði. Nýjir viðburðir einu sinni í mánuði.



Söngur kóranna á Ráðhústorgi.

## Barna- og æskulýðskórnir

Það hefur verið mikið um að vera hjá Barna- og æskulýðskórnum um þessar mundir. Þann 10. -12. nóvember tók æskulýðskórinn þátt í kóramóti í Langholtskirkju. Mótið var skipulagt af söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar fyrir barnakóra við kirkjur. Finnski kórstjórinn Sanne Valvanne kom og vann með krökkunum. Þetta var mjög skemmtilegt og lærdómsríkt kóramót.

Laugardaginn 25. nóvember sungu barna- og æskulýðskór auk Söngfugla Glerárkirkju við tendrun jólatrésins á Ráðhústorgi. Eftir að kórnir höfðu sungið nokkur lög mættu rauðklæddu sveinarnir á svæðið og sungu með þeim nokkur klassísk jólalög til viðbótar.

Laugardaginn 2. desember næstkomandi kemur barna og æskulýðskórinn fram á jólatónleikum með hafnfirsku söngkonunni Guðrúnu Árnýju Karlsdóttur. Tónleikarnir verða í Glerárkirkju og hefjast kl. 17. Strax daginn eftir, sunnudaginn 3. desember, koma kórnir fram á adventukvöldi Glerárkirkju ásamt kirkjukór Glerárkirkju.

Sunnudaginn 17. desember verður fjölskylduguðsþjónusta og þá sýna kórnir jólahelgileik.

Annar dag jóla verður einnig fjölskylduguðsþjónusta þar sem barna og æskulýðskór leiðir söng.

Gleðileg jól !

*Margrét Árnadóttir*



Margrét Árnadóttir kórstjóri.



Ungir söngfuglar.



Frá æfingu barnakórsins.



## Starfsmenn Gleráarkirkju



**Sr. Gunnlaugur Garðarsson**  
sóknarprestur

Sími: 464 8808  
864 8455

gunnlaugur@glérarkirkja.is



**Sigurrós Anna Gísladóttir**  
veitingastjóri

Sími: 464 8806  
864 6440



**Sr. Stefanía Guðlaug Steinsdóttir**

Sími: 464 8802  
864 8456

stefania@glérarkirkja.is



**Hermann Ragnar Jónsson**  
kirkjuvörður

Sími: 861 5025  
462 5025

hermann@glérarkirkja.is



**Sunna Gunnlausdóttir**  
djákni

Sími: 464 8802  
864 8456

sunna.krístrun@glérarkirkja.is



**Jóhann Ragnarsson**  
meðhjálpari

Heimasími: 462 4837



**Valmar Völjaots**  
tónlistarmaður

Sími: 464 8804  
864 8451

valmar@glérarkirkja.is



**Jóhann Ingason**  
meðhjálpari

Heimasími: 462 7017



**Haukur Þórðarson**  
umsjónarmaður

Sími: 464 8803  
661 7700  
462 4860

haukur@glérarkirkja.is



**Aníta Jónsdóttir**  
meðhjálpari

Heimasími: 772 7300

 **Ertu 16 – 20 ára ?**   
Þarftu smá pásu?

**RÓ Í**  **Öll þriðjudagskvöld**  
(byrjar 3. okt.)

**21:00-21:30**

Stuttar kyrrðarstundir í Gleráarkirkju

Tveir leiða stundina og nýjir í hvert skipti.  
T.d. Birkir Blær & Sindri Hjalti & Lára

Sumir þurfa mótvægi við stress og álag í sínu lífi.  
Sumir vilja bara hafa kósý og hlusta á fallega lífandi tónlist.

Markmiðið stundanna er að upplifa og rækta rónna sem býr í okkur öllum og vinna gegn kvíða og streitu hversdagsins.

 **KOSTAR EKKERT INN!**



# Helgihald í Gleráarkirkju á aðventu og jólum

## Laugardagurinn 2. desember

- ★ **Jólatónleikar kl. 17:00.** Barna- og Æskulýðskór Gleráarkirkju syngur með Guðrúnu Árnýju Karlsdóttur söngkonu.

## Sunnudagurinn 3. desember

### - Fyrsti sunnudagur í aðventu

- ★ **Sunnudagaskóli og messa kl. 11:00**  
Sr. Stefánía Guðlaug Steinsdóttir þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmar Völjaots.
- ★ **Aðventukvöld kl. 20:00**  
*Ræðukona kvöldsins er Soffía Gísladóttir forstöðumaður vinnuálastofnunar.* Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmars Völjaots og Petru Bjarkar Pálsdóttur. Fermingarborn taka þátt í ljósaathöfn. *Allir velkomnir.*

## Fimmtudagurinn 7. desember

- ★ **Hátíðarsamvera eldri borgara kl. 15:00.** Séra Gunnlaugur Garðarsson sér um stundina. Kór eldri borgara „Í fínu formi“ syngur undir stjórn Petru Bjarkar Pálsdóttur.

## Laugardagurinn 9. desember

- ★ **Afmæliserindi kl. 14:00**  
Pétur H. Ármannsson flytur erindið: „Guðsbús nýrra tíma- Gleráarkirkja og byggingarsaga“. Tónlist og veitingar.

## Sunnudagurinn 10. desember

### - Annar sunnudagur í aðventu.

- ★ **Hátíðarmessa á 25. ára vígsluafmæli kirkjunnar og sunnudagaskóli kl. 11:00.**  
*Frú Agnes Sigurðardóttir biskup predikar og prestar og djákni kirkjunnar þjóna.* Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmars Völjaots og Petru Bjarkar Pálsdóttur.

## Sunnudagurinn 17. desember

### - Þriðji sunnudagur í aðventu.

- ★ **Fjölskyldugudspjónusta kl. 11:00**  
Séra Gunnlaugur Garðarsson þjónar ásamt Sunnu Krístrúnu Gunnlaugsdóttur djákna. *Barna- og Æskulýðskór Gleráarkirkju syngur og verður með belgileik undir stjórn Margrétar Árnadóttur.*



## ★ Jólatónleikar kl. 16:00

Kór Gleráarkirkju og kór eldri borgara „Í fínu formi“ undir stjórn Valmars Völjaots og Petru Bjarkar Pálsdóttur.

## ★ Sunnudagurinn 24. Desember- Aðfangadagur jóla

### ★ Aftansöngur kl. 18:00

Séra Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmar Völjaots.

### ★ Miðnæturmessa kl. 23:00

Sr. Stefánía Guðlaug Steinsdóttir þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmar Völjaots.

## 25. desember - Jóladaður

### ★ Hátíðargudspjónusta í Lögmannshlíð kl. 11:00

Sr. Stefánía Guðlaug Steinsdóttir þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmar Völjaots.

### ★ Hátíðargudspjónusta kl. 13:30.

Sr. Stefánía Guðlaug Steinsdóttir þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmar Völjaots.

## 26. desember - Annar í jólum

### ★ Fjölskyldugudspjónusta kl. 13:00

Sr. Stefánía Guðlaug Steinsdóttir þjónar. Barna- og Æskulýðskór Gleráarkirkju syngur undir stjórn Margrétar Árnadóttur. *Í gudspjónustunni verður sýndur belgileikur.*

## 1. janúar-Nýársdagur

### ★ Hátíðarmessa kl. 14:00

Séra Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmar Völjaots.

## 7. janúar - Þrettándamessa

### ★ Jólin kvödd kl. 11:00

Séra Stefánía Guðlaug Steinsdóttir þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir söng undir stjórn Valmar Völjaots.

### Ath: Sunnudagaskóli Gleráarkirkju

er alla sunnudaga kl. 11:00 og hefur upphaf í messunni. Þá sunnudaga sem fjölskyldugudspjónustur eru, er sunnudagaskólinn hluti af þeim.

**Hádegissamverur eru alla miðvikudaga kl. 12:00.**

## Vígðir þjónar og starfsfólk Gleráarkirkju

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: [gunnlaugur@glararkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glararkirkja.is)

### Sr. Stefánía Guðlaug Steinsdóttir

Viðtalstímar í kirkjunni mánudaga til fimmtudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (kirkju) og 864 8456 (gsm). Netfang: [stefania@glararkirkja.is](mailto:stefania@glararkirkja.is)

### Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir djákni og æskulýðsfulltrúi

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864 8451 (gsm). Netfang: [sunnakristrun@glararkirkja.is](mailto:sunnakristrun@glararkirkja.is)

### Haukur Þórðarson umsjónarmaður

Hægt að hafa samband á virkum dögum, kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju) og 661 7700 (gsm). Netfang: [haukur@glararkirkja.is](mailto:haukur@glararkirkja.is)

### Valmar Völjaots organisti

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og 853 8001 (gsm). Netfang: [valmar@glararkirkja.is](mailto:valmar@glararkirkja.is)

Hermann Ragnar Jónsson húsvörður gsm: 861 5025.

Sigurros Anna Gísladóttir umsjón með eldhúsi gsm: 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Gleráarkirkju er að finna á [www.glararkirkja.is](http://www.glararkirkja.is)

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – [www.glararkirkja.is](http://www.glararkirkja.is) – [glararkirkja@glararkirkja.is](mailto:glararkirkja@glararkirkja.is)



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prentun: Ásprent